



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Rauðaborg

2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



1 Innihald

2	Greinargerð leikskólastjóra	3
3	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	5
4	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	7
5	Innra mat deilda	9
5.1	Innra mat Laufs 2024-2025	9
5.2	Innra mat Lyngs 2024-2025	10
5.3	Innra mat Hreiðurs 2024-2025.....	11
6	Umbótaáætlun deilda	12
6.1	Umbótaáætlun fyrir Lauf 2025-2026	12
6.2	Umbótaáætlun fyrir Lyng 2025-2026.....	13
6.3	Umbótaáætlun fyrir Hreiður 2025-2026.....	14
7	Starfspróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.	15
8	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	15
9	Foreldrasamvinna.....	16
10	Umsögn foreldraráðs.....	18
11	Fylgiskjöl	20
11.1	Leikskóladagatal.....	20
11.2	Undirbúningur fyrir starfsmannasamtöl	21
11.3	Heimahagar dagskrá	22





2 Greinargerð leikskólastjóra

Í upphafi skólaársins voru mörg börn í aðlögun í Rauðaborg, eða samtals 22 á öllum deildum. Um áramót bættust svo þrjú yngstu börnin í hópinn.

Deildirnar voru óvenjulegar þennan veturinn vegna samsetningar barnahópsins. Áveðið var að skipta öllum árgöngum í tvennt til að koma á móts við einstaklinga í barnahópnum vegna sérstöðu þeirra og einnig til að jafna álag á tveimur eldri deildunum með tilliti til starfsmannastöðunnar. Þannig voru flutningar á milli eldri deildanna tveggja um áramótin og einnig fluttust nokkur ung börn á eldri deild, svo frá því í janúar 2025 voru fjórir árgangar á báðum eldri deildunum. Það kom fljótt í ljós að það þekk ekki nógu vel upp vegna breiðs aldursbils og næsta skólaár verða einungis tveir árgangar á hverri deild þar sem samsetningin á barnahópnum verður hagstæðari.

Deildarstjóri á yngstu deildinni var áfram í langtímaveikindaleyfi og um mitt haust var ljóst að hún kæmi ekki aftur til starfa í Rauðaborg og gerður var við hana starfslokasamningur. Staðgengill, starfsmaður af deildinni, tók við að sjá um utanumhald og daglegt starf deildarinnar og gegndi því fram á vor 2025. Ljóst er að það þarf að ráða deildarstjóra á deildina fyrir haustið, og er auglýsing í birtingu, en sérkennslustjórinn hefur verið starfsfólki innan handar við alls kyns skipulag og eftirfylgni.

Mikið var um veikindi starfsfólks þetta skólaárið, bæði skammtíma og langtíma og skerðing á vistun hjá börnum var af og til fram í febrúar. Í apríl fengum við leyfi til að skerða vistun hjá börnum fram í tímann og fékk þannig hvert barn skerðingu um einn dag í viku í fjórar vikur þann mánuðinn. Það var áhugavert að á meðan skerðingarvikurnar voru, sinnti starfsfólk vinnunni sinni vel, börnin nutu þess að vera færri en venjulega og lítið var um óvæntar fjarvistir starfsfólks á þessu tímabili.

36 stunda vinnuvika tók gildi 1. nóvember hjá Eflingarstarfsfólki. Við höfðum fyrirkomulagið á styttingunni þangað til þannig að nokkrir starfsmenn voru með styttingu annan hvern föstudag og unnu hinn föstudaginn. Það var áberandi að föstudagarnir voru erfiðari fyrir þá sem mættu í vinnu, þar sem fjarvistir þeirra sem áttu að mæta komu stundum óvænt ofan á styttingar. Fyrir næsta skólaár ætlum við að endurskoða fyrirkomulagið á 36 stunda vinnuvikunni, hætta með föstudagsfríin og erum að byrja í þeirri vinnu.

Í starfsmannakönnuninni kom fram að starfsfólki fannst mikið álag í vinnunni vegna fjarveru annarra starfsmanna. Ég tel að stór þáttur í að bæta það sé að gera breytingar á vinnufyrirkomulaginu og bind vonir við að það auki jafnræði milli starfsfólks.

Erlent starfsfólk er í vinnu í Rauðaborg eins og mörg undanfarin ár. Í vetur hafa fimm erlendir starfsmenn af ýmsum þjóðernum unnið í Rauðaborg. Það verður stundum misskilningur þegar verið er að gefa fyrirmæli, spyrja eða svara, vegna þess að skilningur hjá sumum þeirra er að mörgu leiti takmarkaður. Frá því í febrúar og fram í júní 2025 sóttu erlendu starfsmennirnir íslenskunámskeið á vegum Mímis í 15 skipti, tvær kennslustundir í senn, einu sinni í viku í Selásskóla og vonandi eflist starfsfólkið við það. Misskilningur gat stundum valdið núningi milli starfsmanna sem varð til þess að greiða þurfti úr misskilningnum og leiðrétta. Það fer talsverð orka í svona atriði og úr varð að ég leitaði til mannauðsráðgjafa hjá SFS til að koma og skoða samskiptin með okkur. Sú vinna fór fram í apríl og maí og stendur enn yfir. Það voru tekin voru viðtöl við alla stjórnendur og svo þá starfsmenn sem eftir því óskuðu. Vonandi skilar þessi vinna betri og samhentari starfsmannahóp. Í





starfsmannasamtölum kom einnig óánægja í ljós hjá einstaka starfsmönnum með samskipti og til að bregðast við færðum við starfsfólk á milli deilda í maí um leið og fólk skilaði sér úr langtímaveikindum og fleira starfsfólk var komið í hús. Það hefur skilað jákvæðari anda og núningur milli starfsfólks hefur ekki verið áberandi síðan.

Eldhúsið okkar var gert upp í október 2024. Allar timburinnréttingar voru rifnar út og stálinnréttingar settar í staðinn og þar með stórbættist aðstaðan í eldhúsinu. Matráðurinn okkar hætti störfum vegna veikinda og aldurs um áramótin og síðan þá höfum við notið fullrar þjónustu Skólamatar, fengið allan mat og aðföng frá þeim og frábæra starfsmann í 100% stöðu með. Það er mikill léttir að þurfa ekki að standa vaktina í eldhúsinu meðfram öðrum störfum í leikskólanum, hvort sem um er að ræða stjórnendur eða starfsfólk af deildum.

Í apríl var loksins komið að því að skiptiaðstaðan var lagfærð á báðum yngri deildunum. Það var komið fyrir rafdrifnu skiptiborði á yngstu deildinni og aðstaðan á miðdeildinni var bætt með því að setja niðurfellanlegt skiptiborð þar inn í staðinn fyrir lausa dýnu. Þetta finnst okkur vera bylting til betri vegar og erum alsæl.

Í vetur voru tvö börn í Rauðaborg með 100% stuðning. Þau voru á sömu deildinni og sérkennari var ráðinn til starfa fyrir þau þar sem þau þurfa á sértækri aðstoð að halda. Því miður fór sérkennarinn í veikindaleyfi upp úr áramótum og sérkennslustjórinn tók við þjálfuninni. Næsta vetur er óvíst enn sem komið er hvort eitthvað verður um börn með stuðning, en það er ljóst að börn af erlendum uppruna og börn með málþroskavanda eru nokkur og þarf að hlúa vel að þeim sem og öllum öðrum.

Starfsmannastaðan er nokkuð góð hjá okkur, það er ekki margt fagfólk í vinnu hjá okkur, en talsvert margt starfsfólk með mikla reynslu af leikskólastarfi og yfirleitt ganga dagarnir vel fyrir sig. Það þarf að ráða í afleysingastöður fyrir haustið, en grunnmönnum er tryggð með sama hópi starfsfólks og var hér s.l. skólaár.

Það er gaman og gott að fylgjast með börnunum þroskast og dafna í leik og starfi og samstarfið við foreldra er almennt gott og jákvætt. Börnin í Rauðaborg eru fróðleiksfús, hugmyndarík og dugleg, hafa gaman af að segja frá og okkur er umhugað að mæta hverju barni þar sem það er statt hverju sinni.

Næsta starfsár ætlum við að nýta til að efla starfsmannabraginn okkar og stefnum áfram sameiginlega að því að gera einstaklingana sem hjá okkur eru í námi alla daga að sterkum og góðum þjóðfélagsþegnum að leikskólagöngu lokinni.





3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Innra mat (töfluna má fjölfalda fyrir hvern matsþátt)

Hvað var metið? Samvinna og samskipti milli starfsfólks á hverri deild	
Hvernig fór matið fram?	Einstaklingssamtöl deildarstjóra við starfsfólk á deildum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Deildastjórar og starfsfólk hvernar deildar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Almenn ánægja með samvinnu og það sem viðkemur starfinu á hverri deild. Margir starfsmenn töluðu um mikilvægi þess að tala saman um það sem þarf að breyta eða gera öðruvísi og þannig yrðu samskipti frekar án árekstra

Hvað var metið? Samvinna og líðan starfsfólks í vinnunni	
Hvernig fór matið fram?	Einstaklingssamtöl leikskólastjóra við allt starfsfólk (Sjá fylgiskjal 11.2)
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Almenn vellíðan í vinnunni, talsvert talað um álag vegna veikindafjarvista annarra starfsmanna og misskilning vegna takmarkaðrar tungumálakunnáttu í báðar áttir. Brugðist var við þessum niðurstöðum með því að færa starfsfólk á milli deilda til að jafna álagið vegna fjarvista og tungumálakunnáttu





Ytra mat

Hvað var metið?	
Starf og líðan á vinnustaðnum	
Hvernig fór matið fram?	Starfsmannakönnun
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk leikskólans (12 af 16, 75%)
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Almenn ánægja með stjórnun og skipulag leikskólans. Álag í starfi er mikið vegna fjarvista og samskipti mættu vera betri innan starfsmannahópsins og á milli einstakra starfsmanna. Tekin voru viðtöl af utanaðkomandi aðila frá mannauðssviði við þá starfsmenn sem óskuðu eftir því og verður unnið úr niðurstöðum þeirra samtala á komandi mánuðum.

Hvað var metið?	
Ánægja foreldra með störf leikskólans, samskipti við starfsfólk og líðan barna.	
Hvernig fór matið fram?	Foreldrakönnun
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar barna í leikskólanum (37 af 42, 88% svörun)
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Almennt voru niðurstöður góðar. Foreldrar almennt ánægðir með starf leikskólans og viðhorf og samskipti við starfsfólk. Mest óánægja var með skerðingu á vistun vegna manneklu, en það er eitthvað sem erfitt er að ráða við, a.m.k. ef um skammtímafjarvistir og óvænt tilfelli er að ræða.





4 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.

Einnig skal taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	1. Læsi í víðum skilningi hjá börnunum. 2. Bæta samskipti og samvinnu starfsfólks svo starfsánægja aukist. 3. Aðlaga 36 stunda vinnuviku að starfi leikskólans
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	1. Að ná meiri ró í húsið alla daga, allan daginn, að starfsfólk og börn sýni hverju öðru kurteisi og tillitssemi. Æfa börnin í að lesa í aðstæður, bíða eftir að röðin komi að þeim, tala lágt og yfirvegað og vera kurteis í framkomu og tali við alla. 2. Taka tillit til mismunandi uppruna, tungumálakunnáttu og menningar, gefa okkur tíma til að hlusta og spyrja ef við skiljum ekki. 3. Að jafna fjölda starfsfólks í vinnu hvern dag.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	1. Skipta börnunum upp í litla hópa til að æfa samskipti og ræða um vináttu ólíkan bakgrunn og fleira. 2. Vanda samskipti og taka tillit til ólíks bakgrunns og tungumálakunnáttu. 3. Breyta vöktum starfsfólks.
Ábyrgð	Stjórnendur og allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut 2025-vor 2026





Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	1. Taka samtöl við börn í smáum hópum jafnt og þétt yfir veturinn, æfa börnin þannig að hlusta og taka tillit til þeirra sem eru að tala hverju sinni. 2. Ræða samskipti barna og starfsfólks á deildafundum og á skipulagsdögum. 3. Fá starfsfólk til að koma með hugmyndir að uppsetningu vinnutíma á skipulagsdegi.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Yfirvegaðri samskipti og meiri rólegheit dags daglega. Minni hraði og vera í núinu. Jafnari fjöldi starfsfólks í húsi alla daga.





5 Innra mat deilda

5.1 Innra mat Laufs 2024-2025

Styrkleikar

Fataklefinn: Vel gekk í fataklefanum, börnin mörg sjálfbjarga en þar sem voru 4 árgangar á deild þurfti mikið að hjálpa yngstu börnunum.

Félagsfærni: Stóri Blær fór heim með öllum börnunum og var hann yfir helgi hjá þeim. Eftir helgina var lesið fyrir deildina hvað Blær gerði með börnunum.

Flest börnin voru mjög hugmyndarík í sinni sköpun s.s. teikna, leira, alls konar kubbaleikir.

Þar sem 4 árgangar voru á deildinni var oft flókið að sinna öllum við hæfi.

Tækifæri

Fataklefinn: Börnin verða ekki eins ung á deildinni næsta vetur og því meira sjálfbjarga

Félagsfærni: Blæstundir hefðu mátt vera fleiri en stefnt er að því að hafa skipulegar Blæstundir næsta vetur.

Árgangarnir verða 2 næsta vetur börn fædd 2020 og 2021. Það gefur tækifæri á að sinna börnunum betur og þau fái verkefni við hæfi.



5.2 Innra mat Lyngs 2024-2025

Styrkleikar

Sjálfsbjörg: Öll börnin eru farin að nota klósettið og mörg þeirra sýna sjálfstæði með því að klæða sig sjálf og skammta sér mat á diskinn.

Lýðræði: Börnin eru mjög skapandi, bæði í föndri og við leik með kubba. Þau fá oft að velja sér leikföng og leikefni sjálf og taka þátt í ákvörðunum um hvort þau leika sér inni eða úti, þó að þau fari að lágmarki einu sinni á dag út. Þá höfðu þau einnig frjálsan aðgang að málingarkróknum þar sem þau völdu sér efnivið sjálf.

Tækifæri

Sjálfsbjörg: Í starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2024–2025 var lögð áhersla á að efla sjálfsbjörg barnanna, og gekk það almennt vel. Öll börnin á deildinni lærðu að nota klósettið, flest þeirra klæða sig sjálf og geta skammtað sér mat – þar á meðal að skera matinn sjálf.

Lýðræði: Í sömu starfsáætlun var einnig lögð áhersla á lýðræði, þar sem börnin fengu aukið tækifæri til að hafa áhrif á skipulag og starf deildarinnar. Það gekk að mestu leyti vel, þó að svigrúm fyrir val barna í listasmiðjunni mætti vera meira. Einnig tókum við upp bókaorm þar sem börnin komu með bók að heiman.

5.3 Innra mat Hreiðurs 2024-2025.

Styrkleikar

Félagsfærni: Um helmingur barnanna á deildinni voru ný haustið 2024 og það tók nokkrar vikur að aðlaga þau. Hópnum var svo skipt í aldursskipta hópa fram að áramótum en eftir áramótin voru þau farin að velja sér félag og leikefni við hæfi og þá var gaman að sjá hvað þau eldri höfðu góð áhrif á þau yngri og voru góðar fyrirmyndir. Blær bangsi fór heim með hverju barni einu sinni yfir veturinn og það víkkaði sjóndeildarhringinn að fá innsýn í hvað börnin eru að gera heima með fjölskyldunni.

Mataruppeldi: Eftir því sem leið á veturinn fóru börnin að sýna og segja hvað þau vildu fá á diskinn sinn og biðja um meira eða segja að þau vildu ekki meira. Þannig jókst samtal og orðanotkun við matarborðið eins og á öðrum tímum dagsins.

Enginn eiginlegur deildarstjóri var á deildinni s.l. skólaár og bar starfið þess merki að nokkru leiti, þar sem enginn var með fasta ábyrgð á starfinu. Foreldrar og börn voru samt almennt ánægð með deildina og börnunum leið vel.

Tækifæri

Félagsfærni: Það þarf að fjölga Blæstundum á Hreiðri, þannig er hægt að auka félagsfærni til muna og kenna ungum börnum samskipti á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

Einnig þarf að auka aðgengi barna að þeim efnivið sem þau vilja leika með svo þau geti sjálf náð í það sem þau vilja og kenna þeim að umgangast leikföng á jákvæðan hátt.

Mataruppeldi: Hafa matinn sýnilegan fyrir framan börnin og setja orð á allt varðandi matinn og athafnir við matarborðið.

Veturinn 2025-2026 verða öll börnin ný á deildinni nema eitt barn og þannig næstum enginn á „heimavelli“.

Deildarstjóri verður vonandi ráðinn fyrir haustið og er það komið í ferli.



6 Umbótaáætlun deilda

6.1 Umbótaáætlun fyrir Lauf 2025-2026

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Læsi/ lesa í umhverfið
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin sýni hvert öðru virðingu í samskiptum og einnig hinum fullorðnu.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Nota Blæ, lesa bækur, bókaormur vikunnar
Ábyrgð	Ábyrgð er hjá öllum starfsmönnum
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á starfsdögum, deildarfundum með því að ræða við starfsfólkið. Einnig ræða við börnin um samskiptin. Upplýsingapóstar til foreldra





6.2 Umbótaáætlun fyrir Lyng 2025-2026

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Læsi/ lesa í umhverfið
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin sýni hvert öðru virðingu í samskiptum og einnig við fullorðna
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með því að nota vinastundir með Blæ, lesa fyrir börnin, bókaormur, vinna með litla hópa og að starfsfólk sé fyrirmyndir í samskiptum.
Ábyrgð	Starfsfólk.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Starfsdögum, deildarfundum og deildastjórafundum með því að ræða við starfsfólk og rýna í starfið. Einnig að upplýsa foreldra og ræða við börnin þannig hægt sé að ræða um þetta heima fyrir.





6.3 Umbótaáætlun fyrir Hreiður 2025-2026

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Læsi/ lesa í umhverfið
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin sýni hvert öðru virðingu í samskiptum og einnig hinum fullorðnu.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Nota Blæ, vinna með litla hópa
Ábyrgð	Ábyrgð er hjá öllum starfsmönnum
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á starfsdögum, deildarfundum með því að bera saman bækur. Kenna yngstu börnunum að vera vinir og skiptast á leikföngum, byggja upp traust milli barna og fullorðinna





7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

- Halda áfram að vinna í samskiptamálum með mannauðssviði SFS
- Fræðsla um málstefnu frá MML til að gera okkar málstefnu
- Fá kynningu á Torginu og hvetja starfsfólk til að sækja sér þekkingu þar

8 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva .

Samstarf Rauðaborgar og Selásskóla **liðið skólaár** hófst í október 2024 þar sem nemendur í 1. bekk í Selásskóla komu í heimsókn í Rauðaborg, gamla leikskólann sinn. Það var sungið saman og leikið í leikskólanum. Í nóvember komu einnig nemendur 5.bekkjar í Selásskóla og lásu fyrir öll börn í Rauðaborg í tilefni af degi íslenskrar tungu. Leikskólabörnunum fannst mjög gaman fá börn frá Selásskóla til að lesa og voru áhugasöm. Í desember fóru elstu börnin í Rauðaborg í heimsókn í skólasafn Selásskóla. Í janúar var 1.bekkur heimsóttur, þar sem leikskólabörnin sátu tvær kennslustundir, fóru í frímínútur og borðuðu nesti saman með 1.bekk. Ekki var farið í Frístundaheimilið í heimsókn vorið 2025 en þau börn sem verða nemendur í 1. bekk í Selásskóla næsta vetur fóru í vorskóla í maí 2025.

Það er ekki komin tímasett áætlun fyrir komandi skólaár 2025– 2026, en gert er ráð fyrir að hún verði með svipuðu sniði og undarfarin ár:

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning
Október 2025	Undirbúningsfundur í Selásskóla	Selásskóli
Nóvember 2025	Nemendur í 5.bekk lesa fyrir leikskólabörn í Rauðaborg	Rauðaborg
Desember 2025	Heimsókn á skólasafnið	Selásskóli
Janúar 2026	Heimsókn elstu barna úr Rauðaborg í Selásskóla	Selásskóli
Maí/júní 2026	Frístundaheimilið Víðisel heimsókn	Víðisel
Maí/júní 2026	Vorskóli og foreldrakynning	Selásskóli





Heimahagar:

Heimahagar eru samstarf leikskólanna Heiðarborgar, Blásala, Rauðaborgar og Selásskóla í Reykjavík. Verkefnið byrjaði sem þróunarverkefni og hefur staðið í nokkur ár. Markmiðið með samstarfinu er að efla samvinnu og tengsl leikskólanna og grunnskólans í Seláshverfi. Heimahagar er útinám og hittast börnin á sameiginlegu útisvæði á um það bil mánaðarfresti. Samstarfið hefur tekist frábærlega vel og börnin njóta góðs af.

Það er ekki komin tímasett áætlun fyrir komandi skólaár 2025 – 2026, en gert er ráð fyrir að hún verði með svipuðu sniði og undarfarin ár (*sjá fylgiskjal 11.3*)

9 Foreldrasamvinna

Áður en aðlögun hefst fá foreldrar nýrra barna einkasamtal við leikskólastjóra og deildarstjóra á deild barnsins.

Foreldrafundir verða í október 2025.

Foreldrasamtöl eru í nóvember 2025 og febrúar 2026, foreldrum allra barna er fundinn tími, reiknað er með hálf tíma fyrir hvert barn og deildastjórar taka viðtölin. Ef þurfa þykir að hafa fleiri foreldrasamtöl er það gert í samráði við foreldra.

Í **foreldraráði** eru þrír foreldrar og hafa þeir verið í foreldraráði í nokkur ár.

Foreldrafélag er starfandi og í stjórn þess eru sex foreldrar.

Tilgangur félagsins er m.a. að efla tengsl barna og foreldra og styðja við ákveðna starfsemi í leikskólanum. Hefð er fyrir því að foreldrafélagið standi fyrir vorhátíð ár hvert og sjái um skemmtiatriði og samverur með börnum utan leikskólatíma m.a. sundferðir, skógarferðir og gönguferðir. Leikskólastjóri Rauðaborgar er tengiliður leikskólans við foreldrafélagið.

Deildastjórar og stjórnendur senda foreldrum reglulega póst með ýmsu því sem foreldrar geta haft bæði gagn og gaman af. Með því móti gefst foreldum tækifæri til að hafa áhrif og koma hugmyndum sínum á framfæri, auk þess að upplýsingum um allt mögulegt er þannig komið til skila.

Við notumst við „Völuna“ og foreldrar hlaða niður appinu í símann. Inn í Völu er hægt að fylgjast með mætingu, svefni og matmálistímum barnsins og ekki síst senda skilaboð ef eitthvað er sem þarf að koma til skila. Að auki er matseðill og myndir settar inn reglulega. Hver deild ætlar að gera dagatal





fyrir hvern mánuð á næsta starfsári og setja inn í Völu. Þannig hafa foreldrar yfirsýn yfir það sem verið er að gera hvern dag og einnig ef breyting verður á áður ákveðnum atburðum.

Sérstakar áherslur í foreldrasamvinnu á komandi ári.

Foreldrasamvinna er svipuð frá ári til árs. Mikil þátttaka hefur verið í þeim viðburðum sem leikskólinn stendur fyrir s.s. foreldrakaffi og einnig í þeim viðburðum sem stjórnin hefur auglýst og sett á dagskrá, s.s. vorhátíð og samvera fyrir jólin. Við ætlum að setja einn gleðidag í mánuði til að brjóta upp hversdaginn, s.s. að hafa hattadag, rugldaga og fleira.

Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar starfsárið 2025-2026 eru eftirfarandi:

22. ágúst. 2025	föstudagur
2. október 2025	fimmtudagur (sameiginlegur með leik- og grunnskólum)
28. nóvember 2025	föstudagur (sameiginlegur með leik- og grunnskólum)
6. febrúar 2026	föstudagur (sameiginlegur með leik- og grunnskólum)
10. mars 2026	þriðjudagur
13. maí 2025	miðvikudagur

(Sjá fylgiskjal 11.1)

F. h. leikskólans Rauðaborgar,

Unnur Hermannsdóttir

26.06.2025

Leikskólastjóri

Dagsetning





10 Umsögn foreldraráðs

Foreldraráðið er almennt ánægt með starf leikskólans árið 2024-2025 þar sem aðal áherslurnar hafa verið sjálfsefning og félagsfærni sem var unnið í þvert á allar deildir. Eins og er tekið fram í greinargerð leikskólastjóra þá hefur verið mikið um mannekleu þennan veturinn sem hefur verið vaxandi vandamál seinustu ár. Grípa þurfti til skipulagðrar skerðingar á vistun barna sem reyndi bæði á börn og foreldra þar sem rútínan fór úr skorðum.

Seinasta haust var tekin ákvörðun að blanda saman 4 árgöngum inná 2 deildum leikskólans þetta skólaárið. Á meðan börnin hafa vissulega lært að sýna hvort öðru þolinmæði ásamt því að vera lausnarmiðuð í samskiptum þá hefur þetta fyrirkomulag dregið úr getu starfsmanna til þess að halda uppi starfi sem hæfir hópnum. Það er því ánægjulegt að sjá að þessu verði breytt til baka á næsta skólaári og vonum við að með því muni það létta undir starfsfólki skólans.

Í starfsáætlun síðasta árs var eins og áður sagt lögð áhersla á sjálfsefningu og félagsfærni og er gaman að sjá árangurinn af því. Deildirnar hafa allar séð árangur af þessum áherslum, börnin eru almennt orðin sjálfstæðari bæði í fataklefanum og með salernisferðir. Þá hefur félagsfærni barnanna dafnað þar sem þau eru öruggari með sig, hafa æft sig í að segja frá fyrir framan hóp og þolinmæði þeirra í garð samnemanda hefur aukist.

Í matartímanum eru yngri börnin orðin sjálfstæðari í vali á mat og farin að tjá sig um það hvað þau vilja að hverju sinni á meðan eldri börnin eru farin að skammta sér sjálf á diskinn. Það er frábært að börnin fái að upplifa sjálfræði í matartímanum á þennan hátt og að smá saman verði þau sjálfstæði í kringum matartíman áður en þau færa sig á næsta skólástig.

Starfsmenn hafa nýtt verkefnið um Blæ til þess að efla félagsfærni barnanna, Blæ kennir börnunum mikilvæga þætti í vináttu og samskiptum í gegnum leik. Þá fengu börnin að taka blæ með sér heim yfir helgi þar sem þau skrifuðu í bók um ævintýri helgarinnar og þannig tvinnað saman leikskólastarfið við heimilið. Þetta verkefni er því mikilvægt í starfi leikskólans og fögnum við því að Blær verkefnið fái betra utanumhald næsta skólaár.

Sem foreldrar í leikskólanum þá finnum við að börnunum okkar líður vel á leikskólanum sem er eitt það allra mikilvægasta í okkar augum. Grunnurinn að þessari vellíðan barnanna er að starfsfólkinu líði vel í vinnunni og því er ánægjulegt að sjá að starfsmenn fái að koma að skipulagi á styttingu vinnuvikunnar sérstaklega í ljósi þess að grunnhugmyndin á bakvið styttingu vinnuvikunnar er betra jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Við bindum vonir við að þessi samvinna auki enn frekar starfsánægju og minnki álag á starfsfólk sem skilar sér ávallt aftur til barnanna okkar.





Okkur finnst þó mikilvægt að hafa í huga að með skipulagðri skerðingu á vistun barna jókst starfsánægja innan leikskólans. Við myndum því hvetja Reykjavíkurborg til þess að skoða betur fjölda barna inn á hverjum leikskóla fyrir sig, þar sem það virðist haldast í hendur, fjöldi barna og starfsánægja (minna álag). Í þessari umræðu er einnig mikilvægt að hafa í huga að samfélagið er í stöðugri þróun og seinustu ár hefur menntakerfið aðeins tekið þátt í þeirri þróun þegar kemur að námsefni á meðan umhverfið og aðbúnaður situr eftir.

Umbótaáætlun leikskólans er vel uppsett og það er frábært að erlendir starfsmenn fái tækifæri til að sækja íslensku námskeið, bæði er það mikilvægt fyrir starfsmennina sjálfa en einnig er það gríðarlega mikilvægt fyrir börnin og þeirra málþroska. Í umbótaáætluninni ætla allar deildir að leggja meiri áherslu á félagsfærni, þ.e. að lesa í umhverfið. Félagsfærni mun ávallt koma til góðs seinna meir og undirbýr börnin vel fyrir næsta skólastig og fyrir það þegar þau fara að feta sín eigin fótspor í samfélaginu. Til að auka sjálfstæði barnanna verður unnið að því auka val þeirra á því hvað þau vilja leika sér með, inni eða úti ásamt því að þau fá meira svigrúm á vali á listasmiðju og þess háttar. Með þessu teljum við að börnin fái tækifæri til þess að hafa áhrif á sitt nám sem er í samræmi við þeirra þroska.

Ánægjulegt er að sjá að samstarf við Selásskóla verður áfram, ásamt því að verkefnið Heimahagar haldi sinni stöðu. Foreldrasamstarfið hefur verið gott og upplýsingaflæðið líka.

Foreldraráð leikskólans skipa:

*Áslaug Eva Antonsdóttir
Brynhildur Ýr Ottósdóttir
Sigurlaug Jónsdóttir*





11 Fylgiskjöl

11.1 Leikskóladagatal

Leikskóladagatal 2025 - 2026												
Nafn leikkola:												
Rauðaborg												
Í reglun um leikskólaþjónustu segir:												
Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skúladags. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdaga starfsstíks eða frídaga nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagur í leikskólum eru tíu og gjöld lækjúð vegna þessa. Fréttir sem þurfa vísun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lagmarki turtugu vrika daga í sumarefni. Leikskólastíón ákveður, að hefðu samráði við starfsmenn og forildraráð vikiðskóla hvort leikskólinn verði opinn allri samráði eða hlö samfélli í tíu til turtugu vrika daga. Stærna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hvern leikskólastíónmóður leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skúladaga til hagræðis við fjölskyldu í Reykjavík.												
AGUST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ	JÚLÍ	
1 F	1 M	1 M	1 L	1 M	1 F	1 S	1 S	1 F	1 M	1 M	1 M	1 M
2 L	2 P	2 F	2 S	2 P	2 F	2 M	2 M	2 F	2 F	2 P	2 F	2 F
3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 B	3 P	3 F	3 F	3 M	3 F	3 F
4 M	4 F	4 L	4 P	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 L	4 F	4 L	4 L
5 P	5 S	5 S	5 M	5 F	5 F	5 F	5 F	5 S	5 S	5 F	5 S	5 S
6 M	6 L	6 M	6 F	6 L	6 P	6 F	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M	6 M
7 F	7 S	7 P	7 F	7 S	7 M	7 L	7 L	7 P	7 P	7 S	7 P	7 P
8 F	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 S	8 S	8 F	8 F	8 M	8 M	8 M
9 L	9 P	9 F	9 S	9 P	9 F	9 M	9 M	9 P	9 F	9 P	9 F	9 F
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 L	10 P	10 P	10 F	10 S	10 M	10 F	10 F
11 M	11 F	11 L	11 P	11 F	11 S	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L	11 L
12 P	12 F	12 S	12 M	12 F	12 M	12 F	12 F	12 P	12 P	12 F	12 S	12 S
13 M	13 L	13 M	13 F	13 L	13 P	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L	13 M	13 M
14 F	14 S	14 P	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L	14 P	14 P	14 F	14 P	14 P
15 F	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 M	15 M	15 M	15 M
16 L	16 P	16 F	16 S	16 P	16 F	16 M	16 M	16 P	16 P	16 F	16 P	16 F
17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 L	17 P	17 P	17 F	17 F	17 S	17 F	17 F
18 M	18 F	18 L	18 P	18 M	18 S	18 M	18 M	18 L	18 L	18 F	18 F	18 F
19 P	19 F	19 S	19 M	19 F	19 M	19 F	19 F	19 P	19 P	19 S	19 P	19 S
20 M	20 L	20 M	20 F	20 L	20 P	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M	20 M
21 F	21 S	21 F	21 F	21 S	21 M	21 L	21 L	21 P	21 P	21 F	21 P	21 P
22 F	22 M	22 L	22 M	22 M	22 F	22 S	22 S	22 F	22 F	22 M	22 M	22 M
23 L	23 P	23 F	23 S	23 P	23 M	23 M	23 M	23 L	23 L	23 F	23 F	23 F
24 S	24 M	24 F	24 M	24 M	24 F	24 S	24 M	24 P	24 P	24 F	24 M	24 F
25 M	25 F	25 L	25 F	25 P	25 F	25 S	25 M	25 L	25 L	25 M	25 F	25 L
26 P	26 F	26 S	26 M	26 M	26 F	26 F	26 F	26 M	26 M	26 P	26 F	26 S
27 M	27 L	27 M	27 F	27 F	27 L	27 M	27 L	27 P	27 P	27 M	27 M	27 M
28 F	28 S	28 P	28 F	28 F	28 M	28 M	28 L	28 L	28 L	28 F	28 F	28 P
29 F	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F	29 F	29 S	29 P	29 P	29 M	29 M	29 M
30 L	30 P	30 F	30 S	30 M	30 P	30 F	30 M	30 L	30 L	30 F	30 F	30 F
31 S	31 F	31 F	31 L	31 M	31 L	31 P	31 P	31 F	31 F	31 S	31 F	31 F



11.2 Undirbúningur fyrir starfsmannasamtöl

Reykjavíkurborg - einn vinnustaður	
Samtal 2 (apríl til júní) Leiðarljós: Mannvæn Þema: Styrkleikar og tækifæri	
Nafn starfsmanns: _____ Nafn stjórnanda: _____ Dagsetning: _____	
Þema: Styrkleikar og tækifæri.	
Hvað finnst þér erfitt að gera í vinnunni/hvada verkefni hafa eða eru að ganga mjög vel?	Er eitthvað sem þú fæst við í vinnunni sem gefur þér mikið eða veitir þér mikla ánægju?
Samtal 2 (apríl til júní) Leiðarljós: Mannvæn Þema: Styrkleikar og tækifæri	
Áherslur: Mætum þörfum, sýnum dbyrð og veitum jöfn tækifæri	
Eru einhver verkefni sem þú telur að styrkleikar þínir nýst betur í?	Hverskonar hvatning/hrós og endurgjöf væri best til þess fallin að hvetja þig áfram?





11.3 Heimahagar dagskrá

Heimahagar 2025 - 2026

Dagsetning og tími	Viðburðir
September 2025	Heimahagar Allir hittast og leika saman
Október 2025	Heimahagar – Leikir og útiverkefni Rauðaborg og 1.bekkur í Selásskóla
Nóvember 2025	Heimahagar – Leikir Rauðaborg og 1.bekkur í Selásskóla
Nóvember 2025	Heimahagar – Vetrarsamvera Selásskóli, Heiðarborg, Blásalir og Rauðaborg
Janúar 2026	Heimahagar – Leikir Rauðaborg og 1.bekkur í Selásskóla
Febrúar 2026	Heimahagar – Leikir Rauðaborg og 1.bekkur í Selásskóla
Mars 2026	Heimahagar – heimsókn í hesthúsin Rauðaborg
Maí 2026	Heimahagar – Vorsamvera Selásskóli, Heiðarborg, Blásalir og Rauðaborg
Júní 2026	Reiðskólinn – Hestbak



